

Stjórnarfundur mánudaginn 4. mars 2019

Kl. 19:00 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

Mættir á fund: Jóhann Björnsson, Steinar Harðarson, Tómas Kristjánsson, Jens Ívar Jóhannuson Albertsson, Júlía Linda Ómarsdóttir, Sævar Finnbogason, Auður Sturludóttir, Kristinn Theódórsson og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Helga Jóhanna Úlfarsdóttir tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað
Steinar Harðarson tekur að sér að stýra fundi, enda aldursforseti.

Fundarritun: Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Stjórn skiptir með sér hlutverkum

Helga Jóhanna tekur að sér stöðu varaformanns, Sævar stöðu ritara og Steinar gjaldkera. Júlía Linda verður meðstjórnandi. Helga Jóhanna verður því starfandi formaður þar sem Jóhann hefur stigið til hliðar.

2. Dregið um röð varamanna

Röð varamanna dreginn úr hatti. Röð þeirra er eftirfarandi:

Jens

Tómas

Þorsteinn

Hope

Kristinn

Jens tekur því sæti í aðalstjórn

3. Staðan í borgaralegri fermingu, námskeið eru að verða búin og fullt af athöfnum framundan

Hope kynnti stöðuna á BF. Mikið álag á þessum tímavarki á hana og Þorstein. Hope leggur áherslu á erfitt sé að koma nýrri manneskju inn á þessum tímavarki en ljóst að þörfin sé orðin mikil.

Tímar Hope hafa aukist síðustu ár, en tímum Steina fækkar eftir því sem að sjálfvirkni eykst.

Ljóst að hefja verður undirbúning fyrir aukna aðstoð við BF snemma.

Steinar leggur til að komið verði á samstarfi við tónlistarskóla á höfuðborgarsvæðinu til að skaffa atriði á athafnir.

Jóhann leggur til að reynt verði að virkja kennarana betur í athafnir.

Jóhanni og framkvæmdastjóra falið að raða fólki niður á stóru athafnirnar til að afhenda skírteinin.

4. Alþjóðaráðstefnan og alþjóðlegi aðalfundurinn, hver er staðan og eru einhverjir áhugasamir í að vera með í að halda utan um það sem eftir er?

Framkvæmdastjóri kynnir stöðuna, sem er góð. Bókanir langt komnar
Kristinn og Sævar ætla að verða framkvæmdastjóra innan handar.

5. Tölvu- og vefmál, hver er staðan, vill SHG halda áfram sem verktaki við að vinna tölvumálin?

Framkvæmdastjóra falið í að greina verkefnalýsingu vefstjóra og lista upp hvaða verkefni hann getur tekið yfir og hvað þarf að fá sérfræðing í.

Í kjölfarið verði svo leitað tilboða í það sem útaf stendur.

6. Athafnaráð, gefur athafnaráð kost á sér til áframhaldandi starfa?

Athafnaráð hittist á fundi á morgun (5. mars) og mun þar ráða ráðum sínum um áframhaldandi starf. Ekki er ljóst hvort og hvenær skipunartíma þess lýkur. Steinar veltir því upp hvort það sé nógu ljóst hvert hlutverk ráðsins er.

Málinu því frestað.

7. Tillaga athafnaráðs um námskeið í útfararstjórnun

Stjórn leggur til að málinu verði frestað amk til hausts. Verður rætt nánar á fundi athafnaráðs.

Finna þarf lífslokaskrána sem var á vefsíðu Siðmenntar og virkja á ný.

8. Samráðsvettvangur trú- og lífsskoðunarfélaga, aðal- og varafulltrúi, eru einhverjir áhugasamir

Framkvæmdastjóri verður aðalmaður og Jens varafulltrúi.

9. Þjóðskrármálið

Tómas tekur að sér að skoða málið, kynna sér þau samskipti sem höfðu áður verið send á milli, og jafnvel skrifa bréf til Þjóðskrár.

10. Tilboð í persónuverndarmál frá future404

Stjórn telur tilboðið vera of yfirgripsmikið miðað við starfsemi Siðmenntar og er tilboðinu hafnað að sinni.

11. Hvernig ætlum við að bregðast við áköfum þrýstingi á að haldinn verði auka-aðalfundur.

Stjórn leggur til að haldinn verði almennur félagsfundur þriðjudaginn 12. mars og auka aðalfundur haldinn í kjölfarið miðvikudaginn 24. apríl.

Framkvæmdastjóra falið rita fréttatilkynningu sem borin verður undir stjórn fyrir birtingu. Allir fundarmenn sammála um að fara þessa leið.

12. Önnur mál

Fundi slitið klukkan: 22:30?

Næsti stjórnarfundur haldinn:

Dagur xx. xxxxxxx klukkan 20:00